

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 7. tbl. 10. árg. 20. apríl 2016

Myndir augnabliksins eru frá heimsókn leikfélags MA með Konung ljónanna í Lundarskóla.



## Styrkir úr Sprotasjóði.

Úthlutað hefur verið úr Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir skólaárið 2016-2017. Hríseyjarskóli og Grímseyjarskóli í samstarfi við skóladeild Akureyrarbæjar hlutu þróunarstyrk fyrir verkefnið "Leiðtogar í eigin námi" sem byggir á hugmyndafræði Sudbury skólanna. Horft verður til þess að byggja þróunarstarfið á þeim tækifærum sem felast í smæð skólanna og aðstæðum á hvorum stað m.a. með nýtingu stafrænnar tækni. Styrkurinn hljóðar upp á 2,5 millj. króna.

Einnig hlutu þrjú leikskólar á Akureyri styrk úr Sprotasjóði.

Leikskólinn Krógaból hlaut styrk fyrir verkefnið: Nýsköpun og snjalltæki - Að koma til móts við nýja kynslóð.

Leikskólinn Iðavöllur fyrir verkefnið: Það er leikur að læra íslensku - Að koma til móts við nemendur af erlendum uppruna.

Leikskólinn Pálmholt fyrir verkefnið: Stærðfræði skimun, hér má lesa meira um verkefnið á Pálmholti: <http://www.dagskrain.is/is/frettir/rokhugsun-talnaskilningur-og-rymisvitund-barna-i-leikskolanum-palmholti>

Alls bárust 129 umsóknir til sjóðsins og var heildarupphæð umsókna rúmar 300 millj. kr. Veittir voru styrkir til 38 verkefna að upphæð rúmlega 60 millj. kr.

Sprotasjóður er sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og er hlutverk sjóðsins að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi. Sjá: <http://www.sprotasjodur.is/>

## Nemendur myndskreyta glugga verslunarinnar Penninn Eymundsson.

Sú hefð hefur skapast að nemendur Hlíðarskóla myndskreyta glugga verslunarinnar Pennans Eymundsson í tengslum við Andrésar andarleikana. Mun þetta vera 10 árið í röð sem nemendurnir myndskreyta gluggana og má því segja með sannni að myndirnar boði komu sumars því leikarnir eru haldnir í kringum sumardaginn fyrsta.



## Nemendaping í Oddeyrarskóla.

Í síðustu viku var haldið nemendaping í Oddeyrarskóla. Tilgangur þess var að fá nemendur til að skiptast á skoðunum um það hvað þau vilja taka sér fyrir hendur á smiðjudögum 19. og 20. apríl. Nemendum skólans var skipt í 18 hópa, þvert á alla bekk. Þessir hópar koma til með að vinna saman á smiðjudögum. Þema smiðjudaganna er fjölmening og á það mjög vel við í Oddeyrarskóla, þar sem nemendur skólans eru af mörgum þjóðernum. Hver hópur ræddi hugmyndir að verkefnum sem upp höfðu komið og völdu sér síðan þau verkefni sem þau höfðu áhuga á. Þetta var kjörið tækifæri til að æfa samræðu og samræðureglur, þar sem skólinn vinnur nú þróunarverkefni um samræður í námi. Á sama tíma er nemendalýðræðið virkt.



Þingið gekk mjög vel og sköpuðust góðar og skemmtilegar umræður í hópunum. Krakkarnir voru ánægðir að hafa áhrif á það sem þau koma til með að vinna og gerir þetta spennuna fyrir smiðjudögum jafnvel enn meiri. Elstu nemendurnir héldu utan um hópaumræðuna og voru kennarar þeim til stuðnings. Það verður skemmtilegt að sjá hvernig til tókst eftir smiðjudagana, við fylgjumst með því í næsta tölublaði Skóla-akurs.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, [lindamaria@akureyri.is](mailto:lindamaria@akureyri.is). Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Námsspil Grímseyjarskóla.

Kennarar Grímseyjarskóla ákváðu að nýta sér samspil leiks og náms til hins ítrasta og hafa búið til námsspil. Þeir sömdu spurningar úr námsefninu (náttúrufræði, samfélagsfræði, íslensku, stærðfræði og ensku auk sérstaks spurningaflokks fyrir yngri deild). Nemendur lögðu einnig til spurningar, bæði sem sérstök verkefni sem lögð eru fram af kennurum og einnig af eigin frumkvæði. Nemendur „ferðast“ svo um Ísland á landakorti sem búið er að líma á límíðna í fimm litum, einn fyrir hvern spurningaflokk. Áður en spilið hefst fær hver leikmaður að draga eitt bæjar nafn og vekja hann athygli á því þegar hann fer fram hjá bæjarfélaginu sem hann dró þá fær hann aukakast. Þetta var hugsað til að gera nemendur meðvitaðri um landið okkar. Þeir rýna í kortið til að sjá hvar þeirra bæjarfélag er svo þeir missi ekki af því í hita leiksins. Spilið er enn í vinnslu og á eftir að bæta við hindrunum og að sjálfsögðu fleiri spurningum. Nemendur hafa skemmt sér vel við að spila þetta spil og hefur þetta heppnast mjög vel. Það er trú kennaranna að með þessari aðferð tileinki nemendur sér námsefnið í skemmtilegum leik auk þess sem þeir sýna metnað til að læra efnið til að þeim gangi betur í spilin.



Á kaffihúsaðegi eldri deildar á dögnum, en þá baka nemendur og kennarar saman og bjóða eyjarskeggjum kökur, kaffi og heitt súkkulaði til kaups til að safna fé í ferðasjóð var kaffihúsaðegum boðið upp á að taka þátt í skóla quiz. Þá voru búnar til spurningar upp úr námsspílinu og var séð til þess að hvert lið hefði í það minnsta einn nemanda innanborðs og var þetta góð leið til að sýna foreldrum og öðrum áhugasömum hvað krakkarnir eru að læra í skólanum. Þetta vakti mikla lukku og voru foreldrar sérstaklega ánægðir með að sjá áhugasama nemendur brjóta heilann og reyna að fiska svörin úr minni sínu. Þannig að hægt er að nýta spilið á fleiri vegu. Sjá heimasíðu Grímseyjarskóla: <http://grimseyjarskoli.weebly.com/skoacutelablogg>

## Nótan 2016.

Lokahátíð nótunnar – uppskeruhátíðar tónlistarskóla fór fram í Hörpu núna í apríl. Þar voru flutt 26 tónlistaratriði frá tónlistarskólum víðsvegar um landið.

Tónlistarskólinn á Akureyri átti tvo fulltrúa í keppinni og það er skemmt frá því að segja að báðir hlutu þeir viðurkenningar fyrir sinn flutning. Birkir Blær Óðinsson gítarleikari fékk verðlaunagrip fyrir flutning sinn á laginu „I see fire“ eftir Ed Sheeran

og Gísli Rúnar Víðisson tenór fékk Pavarotti-verðlaun ítalska sendiráðsins.



## Læsi - Skilningur og lestraránægja haustráðstefna MSHA og MMS.

*Auglýst eftir erindum á haustráðstefnu MSHA og MMS.*

Laugardaginn 17. september 2016 verður efnt til læsiráðstefnu á Akureyri. Ráðstefnan er haldin í samstarfi miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og Menntamálastofnun.

Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar verða:

Steven L. Layne – prófessor við Judson háskóla í Bandaríkjunum (lestraránægja)

Stephanie Gottwald – frá Miðstöð rannsókna um lestur og mál við Tufts háskóla, Boston í Bandaríkjunum (lesskilningur)

Brynjar Karl Óttarsson grunnskólakennari (talað mál og ritun með unglingum)

Auk aðalfyrirlestra verða málstofur þar sem reifuð verða ýmis mál er lúta að læsiskennslu með áherslu á skilning og lestraránægju. Hver málstofa verður 30 mínútur. Auglýst er eftir erindum á málstofur frá starfandi leik-, grunn-, framhalds- og háskólakennurum, náms- og kennsluráðgjöfum, skólastjórnendum og öðrum áhugasömum aðilum um efni ráðstefnunnar.

Einkum er leitað eftir:

*kynningu á árangursríkum þróunarverkefnum*

*kynningu á nýlegum íslenskum og erlendum rannsóknum*

*umfjöllun um árangursríkar leiðir*

*umfjöllun um strauma og stefnur*

Frestur til að senda inn lýsingu á erindi er til 22. apríl 2016.

Nánari upplýsingar veita Sólveig Zophoníasdóttir sími. 460 8564, netfang: [sz@unak.is](mailto:sz@unak.is) og Birna María Svanbjörnsdóttir sími. 460 8579,

netfang: [birnas@unak.is](mailto:birnas@unak.is)

## Giljaskólaleiðin.

Það er mjög fróðlegt að fylgjast með greinarskrifum nemenda Giljaskóla á heimasíðu skólans. Hvetjum ykkur til að skoða vefinn og fylgjast með greinaskrifunum og einnig að kynna ykkur um hvað verkefnið snýst. Það má sjá þetta allt á <http://www.giljaskoli.is/>